

Ársreikningur 2021



Akraneskaupstaður

Byggðasafnið í Görðum

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðenda	3-4
Skýrsla og áritun stjórnar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8-9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11-15
Rekstur deilda	16

Áritun óháðs endurskoðanda

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Byggðasafnsins í Görðum fyrir árið 2021. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu safnsins 31. desember 2021, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð safninu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi safnsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðferðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits safnsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi safnsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi safnsins.

Bygðasafnið í Görðum

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, maí 2022.

Endurskoðunarstofan Álit ehf.

Jón Þór Hallsson, löggiltur endurskoðandi

Skýrsla og áritun stjórnar

Hlutverk Byggðasafnsins í Görðum er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi.

Ársreikningur safnsins er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur safnsins á árinu námu 76,6 millj. kr., en þar af námu rekstrarframlög eigenda um 70 millj. kr. Jákvæð rekstrarafkoma ársins nam 9,6 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir safnsins í árslok 88,1 millj. kr. og heildarskuldir 9,8 millj. kr. Eigið fé í lok ársins nam 78,3 millj. kr.

Byggðasafnið í Görðum er sameignarfyrirtæki og greinast eignarhlutar þannig í árslok:

Akraneskaupstaður	90%
Hvalfjarðarsveit.....	10%

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu safnsins á árinu 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021.

Stjórn Byggðasafnsins í Görðum hefur í dag rætt ársreikning safnsins fyrir árið 2021 og staðfestir hann með undirritun sinni. Stjórnin leggur til við sveitarstjórnir eignaraðila að samþykka ársreikninginn.

Akranesi, apríl 2022.

Í stjórn:

Forstöðumaður:

Rekstrarreikningur ársins 2021

Rekstrartekjur:	Skýr.	2021	2021 Áætlun	2020
Þjónustutekjur		1.696.751	1.744.550	1.115.740
Rekstrarframlög eigenda	11	69.999.996	70.000.000	73.652.400
Aðrir styrkir og framlög		4.931.954	42.025	9.060.398
	3	<u>76.628.701</u>	<u>71.786.575</u>	<u>83.828.538</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	4	35.930.998	40.969.713	36.108.510
Vöru- og efnisnotkun		2.440.116	2.473.814	2.465.743
Annar rekstrarkostnaður		22.958.888	24.213.406	33.719.682
	5	<u>61.330.002</u>	<u>67.656.933</u>	<u>72.293.935</u>
Afskriftir	8	5.243.003	5.695.029	5.243.008
	3	<u>66.573.005</u>	<u>73.351.962</u>	<u>77.536.943</u>
Rekstarafkoma fyrir fjármagnsliði, jákv. (neikv.)		10.055.696	(1.565.387)	6.291.595
Fjármagnsliðir:				
Vaxtatekjur		3.534	65.600	14.597
Vaxtagjöld		(484.237)	(420.250)	(822.328)
	6	<u>(480.703)</u>	<u>(354.650)</u>	<u>(807.731)</u>
Rekstrarniðurstaða, jákvæð (neikvæð)	1-3,12	<u>9.574.993</u>	<u>(1.920.037)</u>	<u>5.483.864</u>

Efnahagsreikningur

Eignir:		Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Aðrar eignir:				
Fasteignir, safnamunir	7	17.841.000	17.841.000	
Aðrar eignir		<u>17.841.000</u>	<u>17.841.000</u>	
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Húseignir		64.918.014	69.441.569	
Lóðaframkvæmdir		1.123.643	1.123.643	
Búnaður og innréttingar		2.629.975	3.349.423	
Fastafjármunir	3,8	<u>68.671.632</u>	<u>73.914.635</u>	
Veltufjármunir:				
Birgðir	3	<u>148.526</u>	<u>178.416</u>	
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur	3,11	<u>1.200.933</u>	<u>613.783</u>	
Handbært fé:				
Sjóður		7.500	7.500	
Bankainnstæður		259.246	1.856.489	
	3	<u>277.946</u>	<u>1.863.989</u>	
Veltufjármunir		<u>1.627.405</u>	<u>2.656.188</u>	
Eignir utan efnahagsreiknings:				
Lausafjármunir	9			
Eignir samtals	2	<u><u>88.140.037</u></u>	<u><u>94.411.823</u></u>	

31. desember 2021

Eigið fé og skuldir:			
	Skýr.	31.12.2021	31.12.2021
Eigið fé:			
Eigið fé	10	<u>78.303.292</u>	<u>68.728.299</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuld, Aðalsjóður	11	5.963.106	22.555.392
Fyrirfram innleystar tekjur		2.300.000	0
Aðrar skammtímaskuldir		<u>1.573.639</u>	<u>3.128.132</u>
		<u>9.836.745</u>	<u>25.683.524</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>9.836.745</u>	<u>25.683.524</u>
Eigið fé og skuldir samtals	2	<u>88.140.037</u>	<u>94.411.823</u>

Skýringar

Starfsemin:

1. Byggðasafnið í Görðum er sameignarfyrtæki Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar. Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi. Akraneskaupstaður annast rekstur safnsins.

Grundvöllur reikningsskilanna:

2. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

3. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

Innlausn tekna

- a. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við þá þjónustu sem veitt hefur verið til uppgjörsdags. Styrkir og framlög eru færð samkvæmt fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna sem standa að rekstri safnsins og samkvæmt fjárlögum ríkisins.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Færsla gjalda

- b. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

- c. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- d. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Safnahús	50 ár
Safnaskáli	25 ár
Aðrir liðir	7-16 ár

Birgðir

- e. Vörubirgðir eru metnar til eignar á kostnaðarverði.

Skammtímakröfur

- f. Óinnheimtar tekjur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

- g. Sjóður, bankainnstæður og greiðslutryggðar viðskiptakröfur innan 90 daga teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

Eignir utan efnahagsreiknings

- h. Fjárfesting í lausafjármunum sem keyptir voru fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Fjárhagsáætlun og sundurliðanir ársreiknings

- i. Fjárhagsáætlun safnsins fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu nr. 12.

Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun og niðurstöður fyrra árs eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum.

Byggðasafnið í Görðum

Skýringar, frh.:

Launagjöld:

4. Á árinu voru 3 stöðugildi hjá Byggðasafninu, launagjöld greinast þannig:

	2021	Áætlun 2021	2020
Föst laun	24.166.287	27.165.002	24.065.440
Yfirvinna	6.021.072	6.275.875	5.307.724
Lífeyrisskuldbinding			(132.000)
Launatengd gjöld	5.743.639	7.528.836	6.867.346
	<u>35.930.998</u>	<u>40.969.713</u>	<u>36.108.510</u>

Rekstrargjöld:

5. Tegundir rekstrargjalda safnsins eru birtar í deildaryfirliti hér að aftan.

Fjármagnsliðir:

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur	3.534	65.600	14.597
-------------------	-------	--------	--------

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld	354		
Vaxtagjöld eigin fyrirtækja	483.106	420.250	819.117
Fjármagnstekjuskattur	777		3.211
	<u>484.237</u>	<u>420.250</u>	<u>822.328</u>

Fjármagnsliðir samtals	<u>(480.703)</u>	<u>(354.650)</u>	<u>(807.731)</u>
------------------------	------------------	------------------	------------------

Aðrar eignir:

7. Samkvæmt reikningskilaaðferð sveitarfélaga fyrir ársbyrjun 2002 voru fasteignir sem eru safnamunir eignfærðar á fasteignamat í árslok 2001. Um er að ræða sex fasteignir sem varðveittar eru á lóð safnsins.

Varanlegir rekstrarfjármunir:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Húseignir	Lóða- framkvæmdir	Búnaður og innréttingar	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	209.079.819	11.236.438	11.910.787	232.227.044
Afskrifað í ársbyrjun	(139.638.250)	(10.112.795)	(8.561.364)	(158.312.409)
Bókfært verð í ársbyrjun	69.441.569	1.123.643	3.349.423	73.914.635
Afskrifað á árinu	(4.523.555)		(719.448)	(5.243.003)
Bókfært verð í árslok	64.918.014	1.123.643	2.629.975	68.671.632
Heildarverð samtals	209.079.819	11.236.438	11.910.787	232.227.044
Afskrifað samtals	(144.161.805)	(10.112.795)	(9.280.812)	(163.555.412)
Bókfært verð í árslok	64.918.014	1.123.643	2.629.975	68.671.632
Afskriftarhlutföll	2,8-8%	8%	15%	
Vátryggingarmat	370.100.000			
Fasteignamat	133.650.000			

Byggðasafnið í Görðum

Skýringar, frh.:

Eignir utan efnahagsreiknings:

9. Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga síðastliðin ár hafa tiltekna eignir safnsins verið gjaldfærðar og eru því ekki færðar sem eign í efnahagsreikningi. Hér er einkum um að ræða lausafjármuni, safnamuni og búnað í eigu safnsins sem keypt var fyrir ársbyrjun 2002 og gjaldfært í ársreikningi þegar kaupin áttu sér stað. Vátryggingarmat þessara eigna í árslok greinist þannig:

Fasteignir, safnamunir	197.025.000
Kúttur Sigurfari	10.000.000
Aðrir lausafjármunir	215.000.000
	<u>422.025.000</u>

Eigið fé:

10. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig:

	31.12.2021	31.12.2020
Eigið fé í ársbyrjun	68.728.299	63.244.435
Rekstrarniðurstaða ársins, jákvæð	9.574.993	5.483.864
	<u>78.303.292</u>	<u>68.728.299</u>

Viðskipti við tengda aðila:

11. Eigendur safnsins greiddu á árinu 70 millj. kr. í rekstrarframlög til þess. Viðskipti við eignaraðila safnsins og staða viðskiptareikninga í árslok greinast þannig:

	Tekjur	Gjöld	Vaxta- gjöld	Viðskipta kröfur (skuld)
Akraneskaupstaður 90% eigandi	63.000.000	5.075.018	483.106	(5.963.106)
Hvalfjarðarsveit 10% eigandi	6.999.996			1.200.933
	<u>69.999.996</u>	<u>5.075.018</u>	<u>483.106</u>	<u>(4.762.173)</u>

Byggðasafnið í Görðum

Skýringar, frh.:

12. Samanburður rekstraráætlana:

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2021 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun byggðasafnsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða, neikvæð	(294.000)	(1.626.000)	(1.920.000)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5.695.000		5.695.000
Veltufé frá rekstri	5.401.000	(1.626.000)	3.775.000
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, breyting	500.000		500.000
Skammtímaskuldir, breyting	225.000		225.000
Breytingar	725.000	0	725.000
Handbært fé frá rekstri	6.126.000	(1.626.000)	4.500.000
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum			
Fjárfestingarhreyfingar	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar:			
Eigin fyrirtæki, breyting	(6.126.000)	1.626.000	(4.500.000)
Fjármögnunarhreyfingar	(6.126.000)	1.626.000	(4.500.000)
Hækkun á handbæru fé	0	0	0
Handbært fé í ársbyrjun	100.000	0	100.000
Handbært fé í árslok	100.000	0	100.000

Byggðasafnið í Görðum

Rekstur deilda árið 2021

	Yfirstjórn og sam. kostn.	Aðalsafnahús	Markaðsstarf	Safnaskáli og önnur söfn	Endurbbyggð hús	Sigurfari	Samtals	Áætlun þús. króna
Rekstrartekjur:								
Þjónusta og aðgangseyrir	1.581.751				115.000		1.696.751	1.744.550
Rekstrarframlög eigenda	69.999.996						69.999.996	70.000.000
Aðrir styrkir og framlög	1.816.755		1.600.000	1.515.199			4.931.954	42.025
	<u>73.398.502</u>	<u>0</u>	<u>1.600.000</u>	<u>1.515.199</u>	<u>115.000</u>	<u>0</u>	<u>76.628.701</u>	<u>71.786.575</u>
Rekstrargjöld:								
Launagjöld	35.930.998						35.930.998	40.969.713
Vörukaup og viðhaldsvörur	824.046	155.191	263.351	850.892	346.636		2.440.116	2.473.814
Prentun, fjarskipti og auglýsingar	233.759		598.345				832.104	1.578.216
Starfsmanna- og leigubifreiðar	196.584						196.584	129.418
Ferða- og móttökukostn., námskeið	82.716	33.582	145.196	3.184			264.678	316.208
Sérfræðiþjónusta	479.926		1.860.868	31.800			2.372.594	506.065
Ýmis aðkeypt þjónusta	2.036.651	666.173	1.042.558	923.587	809.244		5.478.213	5.337.026
Innri afnot og þjónusta	5.075.018						5.075.018	6.565.000
Leigugreiðslur	119.437			164.390			283.827	244.975
Orkukaup		555.157		1.093.304	534.333		2.182.794	2.410.000
Mannvirkjagerð og viðhald	1.266.181	34.264	277.565	1.807.740	74.064		3.459.814	4.368.028
Vátryggingar og opinber gjöld		720.000		661.140	619.254	6.564	2.006.958	2.004.151
Annar starfsmannakostnaður	182.693		29.131				211.824	159.819
Styrkir og framlög	594.480						594.480	594.500
	<u>47.022.489</u>	<u>2.164.367</u>	<u>4.217.014</u>	<u>5.536.037</u>	<u>2.383.531</u>	<u>6.564</u>	<u>61.330.002</u>	<u>67.656.933</u>
Rekstrarafkoma, jákvæð (neikvæð) fyrir fjármagnsliði	26.376.013	(2.164.367)	(2.617.014)	(4.020.838)	(2.268.531)	(6.564)	15.298.699	4.129.642
Afskriftir	0	0	0	5.243.003	0	0	5.243.003	5.695.029
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði	26.376.013	(2.164.367)	(2.617.014)	(9.263.841)	(2.268.531)	(6.564)	10.055.696	(1.565.387)
Fjármagnsliðir:								
Vaxtatekjur	3.534						3.534	65.600
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur	(1.131)						(1.131)	
Vaxtagjöld aðalsjóður	(483.106)						(483.106)	(420.250)
	<u>(480.703)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(480.703)</u>	<u>(354.650)</u>
Rekstrarafkoma ársins, jákvæð (neikvæð).....	25.895.310	(2.164.367)	(2.617.014)	(9.263.841)	(2.268.531)	(6.564)	9.574.993	(1.920.037)